

31. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn 9. maí 2014

Fundargerð

Fundurinn er haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum.

Mætt: Valdimar O. Hermannsson, formaður, sem stýrði fundi, Stefán Bogi Sveinsson sem ritaði fundargerð, Sverrir Mar Albertsson, Þórunn Eymundardóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Auður Anna Ingólfssdóttir. Einnig sat fundinn Jóna Árný Þórðardóttir, starfandi framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð 30. fundar stjórnar
2. Undirbúningur ársfundar Austurbrúar ses.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 12.00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð 30. fundar stjórnar undirrituð og staðfest

Fundargerð 30. fundar stjórnar undirrituð og staðfest. Hún hefur áður verið send stjórnarmönnum í tölvupósti.

2. Undirbúningur ársfundar Austurbrúar ses.

JÁÐ fór yfir málefni sem tengjast framkvæmd fundarins. Alls eru 37 með atkvæðisrétt, 32 stofnaðilar og 5 fulltrúar hagsmunaðila sem kjörnir voru á fundi í febrúar. VOH kynnti skýrslu stjórnar sem hann mun flytja á aðalfundinum. Öllum kosningum á fundinum verður frestað til framhaldsársfundar, að tillögu stjórnar, nema að tillaga verður gerð um að taka kjör starfsháttanefndar fyrir undir liðnum Önnur mál á fundinum. Undir þeim lið mun stjórn leggja fram eftirfarandi tillögur um tímabundið kjör starfsháttanefndar og verkefni sem lagt verður fyrir hana til næstu mánaða: a) Guðrún Áslaug Jónsdóttir taki sæti í starfsháttanefnd Austurbrúar í stað Jónu Árnýjar Þórðardóttur. Hún sitji í nefndinni þar til að ný starfsháttanefnd verður kjörin á framhaldsársfundum í haust. b) Starfsháttanefnd er falið, í samráði við stjórn og starfsfólk stofnunarinnar, að hafa umsjón með mati og endurskoðun á stjórnarskipulagi og starfsemi Austurbrúar. Nefndin skili tillögum þar um fyrir framhaldsársfundum í haust.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

JÁÐ fór yfir stöðu helstu mála. Hefur undanfarna daga verið að ræða við marga aðila um tiltekin verkefni. Fulltrúi nýsköpunar og þróunar mun láta af störfum í byrjun júlí en samið hefur verið við hana um að sinna tilteknum sérverkefnum fram í september. Staðan verður ekki auglýst að svo komnu máli en framkvæmdastjóri mun sinna verkefnum fulltrúa ásamt starfsfólki sviðsins þar til betur liggur fyrir hvernig framtíðarskipulag stofnunarinnar verður. Farið yfir stöðu verkefna á öðrum sviðum stofnunarinnar og framkvæmdastjóri mun áfram kynna sér málin og vinna í þeim. Framkvæmdastjóri sat ársfund Menningarráðs. Á næstu mánuðum verður unnið að gerð nýrra menningarsamninga sem taka munu gildi frá næstu áramótum. Skipulag innan Austurbrúar verður að taka mið af þeirri framtíðarsýn sem þar mun birtast og svo öfugt. Fram kom að fulltrúi sveitarstjórnarmála mun að nokkru sinna hlutverki tengiliðar vegna stöðu mála í Djúpavogshreppi og Austurbrú mun þurfa að koma að þeim málum. Tveir starfsmenn á stoðsviði munu hætta störfum á næstunni. Ekki verður ráðið í þau störf fyrir en að lokinni endurskipulagningu.

4. Önnur mál

a) Úthlutun menningarstyrkja

Í fundargerð Menningarráðs frá 16. apríl kemur fram tillaga um endurútdelingu ósóttra styrkveitinga að fjárhæð kr. 7.350.000.-. Stjórn Austurbrúar samþykkir fyrir sitt leyti þessa ráðstöfun ósóttra styrkja.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 14.00

Valdimar O. Hermannsson

Þórunn Eymundardóttir

Sverrir Mar Albertsson

Stefán Bogi Sveinsson

Arnbjörg Sveinsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Auður Ingólfssdóttir